



Ágæti félagsmaður,

„Allt er í heiminum hverfult“

Svo orti þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson fyrrum. Orð Jónasar koma í hugann í dag.

Stríð geysar í Evrópu sem enginn veit hvernig endar. Því fylgir mikil óvissa og breyting á viðhorfum fólks og ríkisstjórna. Víg væðing og verndarstefna fylgir í kjölfarið. Ríki átta sig á því að þau mega ekki vera of háð ytri þáttum sem eru á valdi aðila sem geta haft andstæða hagsmuni. Gaskaup Evrópuþjóða af Rússum eru augljóst dæmi um þetta.

Innanlands má merkja aukinn stuðning við innlenda framleiðslu þ.m.t. innlendan landbúnað. Innlendir landbúnaður er uppspretta frábærra matvæla og styður við ferðaþjónustuna sem er burðarás í atvinnulífinu.

Þakka ber myndarleg framlög ríkisstjórnarinnar til að styðja landbúnaðinn við erfiðar aðstæður.

Innleggsverð sauðfjár í haust

Bændur hafa kallað eftir því í mörg ár að innleggsverð haustsins sé birt mun fyrr en verið hefur og helst áður en þeir þurfa að kaupa áburð til að draga úr óvissu í búrekstrinum.

Nokkur atriði hafa mikil áhrif á verðlagningu afurðastöðva. Helst má nefna birgðastöðu í lok ágúst og verðþróun annarra afurðategunda. Verð erlendis og gengi íslensku krónunnar skiptir einnig verulegu máli í afkomu þeirra afurða sem flytja þarf út svo sem gæra og aukaafurða svo og ákvörðun um útflutning kjöts og framboð á innanlandsmarkað. Eftir því sem nær dregur sláturtíð skýrist myndin.

SS birti verð haustsins 14. júní síðastliðinn, fyrst aðila.

Sjá: <https://www.ss.is/saudfe-afurdaverd/>

Það á eftir að koma í ljós hvert endanlegt innleggsverð verður, sem verður ákveðið er fyrir liggur verð allra afurðastöðva.

Í verðskránni má sjá þá breytingu frá fyrra ári að fituflokkur 3 er hækkaður í sama verð og fituflokkur 2 í flokkum R, U og E í samræmi við mat á verðmæti skrokka sem gert var með skurðarmælingu og kynnt í fréttabréfi.

Stefna SS er skýr og er að greiða samkeppnishæft verð og skila hluta af rekstarhagnaði, er hann næst, sem viðbót á afurðaverð.

Lokað fyrir aðgang að sauðfjársláturhúsi í haust

Til að verja starfsemina og starfsfólk verður áfram lokað fyrir heimsóknir bænda og utanaðkomandi aðila í afurðastöðina í haust. Við vonum að því verði tekið af skilningi.

Áburðarmál

Mikið magn af áburði og efnum til áburðarframleiðslu hefur komið frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi inn til Evrópu. Vegna viðskiptabanns þá er búið að loka á þessi viðskipti og ólíklegt að það breytist á næstu mánuðum.

Því er fyrirséður skortur á áburði á komandi vertíð. Gasverð hefur mikil áhrif á kostnað við að framleiða áburð. Það er enn mjög hátt og sú staða og fyrirséður skortur á markaði gefur ekki miklar vonir um verðlækkun.

SS kaupir allan sinn áburð frá norska fyrirtækinu Yara. Fram hefur komið í viðræðum við Yara að mikil óvissa sé á mörkuðum og aðstæður gætu enn versnað.



Einnig hefur komið fram að Yara muni reyna að afgangið SS með nægjanlegt magn af áburði.

SS nýtur þess, umfram aðra áburðarsala, að vera með tvær 1500 m² skemmur sem geta geymt verulegt magn af áburði við bestu aðstæður. SS þarf að meta það á næstu vikum hvort flýta á innflutningi áburðar vegna óvissu á mörkuðum.



Yara stendur fyrir hágæða einkornaáburð

Staðan á kjötmarkaði

Framleiðsla kjöts í maí jókst verulega, sem var mjög jákvætt, til að mæta aukinni eftirspurn. Í heildina jókst framleiðslan um 15%.

Á söluhlíðinni var mjög góður árangur og mikil söluaukning í öllu nema hrossakjöti. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá mjög mikla söluaukningu í kindakjöti. Uppsöfnuð aukning yfir 12 mánuði í sölu á kindakjöti er tæp 11%.

Framleiðsla í kg.						
Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	845,252	2,357,414	9,381,624	13.9 %	1.6 %	2.8 %
Hrossakjöt	27,608	88,993	823,403	40.4 %	18.0 %	-15.8 %
Kindakjöt	0	1,538	9,394,471	-40.8 %	-1.0 %	
Nautgripakjöt	424,196	1,315,006	5,013,653	9.5 %	3.8 %	4.9 %
Svinakjöt	611,978	1,603,289	6,403,974	19.4 %	1.1 %	-5.4 %
Samtals	1,909,034	5,366,240	31,017,125	14.9 %	2.2 %	-0.4 %

Framleiðsla til loka maí 2022 skv. mælaborði landbúnaðarins

Sala í kg.						
Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	818,867	2,338,794	8,983,724	9.6 %	0.7 %	-0.9 %
Hrossakjöt	23,564	107,861	523,263	-0.3 %	14.6 %	-22.6 %
Kindakjöt	504,592	1,472,340	6,829,324	29.5 %	8.5 %	10.5 %
Nautgripakjöt	449,423	1,302,057	5,005,567	9.8 %	1.6 %	4.7 %
Svinakjöt	611,519	1,607,121	6,406,788	20.2 %	1.5 %	-4.9 %
Samtals	2,407,965	6,828,174	27,748,666	15.9 %	2.9 %	1.1 %

Sala til loka maí 2022 skv. mælaborði landbúnaðarins

Góð sala kindakjöts síðustu mánuði gerir að birgðastaða í lok maí er sögulega lág, 1892 tn samtals. Reikna má með um 500 tn sölu á mánuði júní til ágúst og þar með verður birgðastaða í lok ágúst um 400 tn í landinu.

Þær birgðir dreifast á allar afurðastöðvar landsins og því ljóst að skortur verður hjá einhverjum er líður á ágústmánuð. SS hefur tryggt að eiga nóg í allar sínar vörur.

Birgðir í kg.							
Afurð	Í byrjun tímabils	Í lok tímabils	Breyting	Breyting %	Í lok sama tímabils síðasta árs	Breyting frá lok sama tímabils síðasta árs %	Raun
Alifuglakjöt	788,289	814,674	26,385	3.2 %	416,943	95.4 %	243,343
Hrossakjöt	97,615	85,663	-11,952	-14.0 %	52,881	62.0 %	39,597
Kindakjöt	2,486,273	1,892,716	-593,557	-31.4 %	2,011,900	-5.9 %	
Dilkar	2,344,888	1,778,893	-565,996	-31.8 %	1,878,891	-5.3 %	
Fullorðin	141,385	113,824	-27,561	-24.2 %	133,009	-14.4 %	

Birgðir kindakjöts í lok maí 2022 skv. mælaborði landbúnaðarinn

Samtök fyrirtækja í landbúnaði

Í lok mars voru samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) stofnuð. Fagna ber þessum merka áfanga sem sameinar svo gott sem öll fyrirtæki í landbúnaði í ein samtök.

Landbúnaðurinn hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár í opinberri umræðu, sem oftast en ekki byggir á takmörkuðum eða röngum upplýsingum.

SAFL munu beita sér í öllum helstu hagnamálum landbúnaðarinn með mun meiri krafti en áður hefur verið hægt.



Vörubrúun & nýjungar

SS setti í vor á markað nýja vöru sem heitir „Nýjung meistarans“.

Varan inniheldur úrvals grillpýlsur sem verður breytt á um tveggja mánaða fresti og gefur þannig neytendum kost á fjölbreytni undir sama vöruheiti og vörunúmeri.

Það er kostur fyrir verslanir að þurfa ekki að vera í sífellu að stofna ný vörunúmer.

Önnur nýjung sem SS setti á markað í vor er rifjahluti hryggs sem búið er að saga hryggsúluna úr. Með þessum hætti verður til steik sem er þægilegt að grilla og gefur bragð frá beinunum án þess að þau séu of þykk.



Hágæða grillpýlsa frá meisturum SS



Kloffinn rifjahryggur án súlu

Starfsfólkið á bak við SS

Emilia Dabrowska hefur unnið hjá SS frá árinu 2000. Hún stóð sig mjög vel í starfi og varð færð upp í stöðu flokkstjóra fyrir nokkrum árum.

Emilia nýtur þess að vinna með fólki og leiðbeina því til að vinna rétt og létt og hefur mikinn metnað til þess að neytendur fái afbragðs vörur í hendur.

Utan vinnu þá er fjölskyldan, lestur góðra bóka og líkamsrækt helstu áhugamálin.

Emilia er einn af um 350 starfsmönnum sem SS byggir á.



Emilia Dabrowska flokkstjóri í pökkunardeild

Með kveðju,

Sláturfélag Suðurlands svf.



Steinþór Skúlason